

Skólaráðsfundur 1.12. 2020. Rafrænn

Mættir: Lísa skólastjóri, Sonja Dögg Pálsdóttir og Eva Ómarsdóttir fulltrúi fulltrúar foreldra, Krístrún Kristjánsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Erla Björnsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir og Erla Edvardsdóttir fulltrúar kennara, Einar Berg Árnason og Thelma Huld Víðisdóttir fulltrúar nemenda.

1. Kynning skólaráðsfulltrúa – Allir komu í mynd og Lísa skólastjóri fór yfir hverjir sitja í skólaráði og bauð fólk velkomið.
2. Fundartímar skólaráðs – starfsáætlun
Þrjú hefðbundnir fundir og einn óhefðbundinn fundur með skólasamfélaginu.
Ákveðið að funda á þriðjudögum kl: 16.30

Fundardagar:

26.janúar kl. 16.30

2.mars kl. 16.30

13.apríl 16.30

Maí. Síðasti fundur skipulagður með skólasamfélaginu.

Drög að starfsáætlunin kynnt, það eina sem vantaði í hana voru dagsetningar á fundunum. Drögin kláruð og verða send fundarmönnum.

3. Kosning ritara skólaráðs – Fundurinn samþykkti að Guðrún Ingibjörg hefði umsjón með ritun fundargerða og að meðlimir skólaráðs skiptu með sér ritun fundargerðar.
4. Handbók skólaráðs – kynning
Handbókin kynnt, fundarmenn hvattir til að skoða hana vel og nýta sér hana. Eva Ómarsdóttir kom með spurningum um hvernig

foreldrafélagið hefði staðið að kynningu út í foreldrasamfélagið. Umræður um það. Ef það hins vegar koma upp meiriháttar breytingar þá þarf að koma kynning á frumstigi inn í Skólaráðið.

5. Skólastarf haustsins Starfsmannafjöldi/ráðningarmál
Starfsmannafjöldinn 140 :

59 kennarar og sex leiðbeinendur

21 leikskólastarfsmaður

27 stuðningsfulltrúar/frístundaleiðbeinendur

12 stjórnendur: skólastjóri, deildarstjórar

stiga/stoðþjónustu/verkefni, forstöðumaður frístundar og

aðstoðarforstöðumaður og fjórir deildarstjórar í leikskóla

Stoðþjónusta utan sérkennara eru fjórir

Eldhús, skólaliðar, ræsting 15

Ritari, húsvörður, bókasafnsfræðingur og kerfisstjóri.

Nemendafjöldi

Nemendafjöldi 633 miðað við Mentor 1.12. 2020

Leikskóladeildir 91; 45 fimm ára börn og 46 fjöggra ára börn

1.bekkur: 32 nemendur

2.bekkur: 46 nemendur

3.bekkur: 61 nemandi

4.bekkur: 69 nemendur

5.bekkur: 73 nemendur

6.bekkur: 66 nemendur

7.bekkur: 71 nemandi

8.bekkur: 73 nemendur

9.bekkur. 80 nemendur

10.bekkur: 62 nemendur

Mikil fækkun í 1.bekk og 2.bekk frá því áður fyrr.

Fjölgun nemenda í 5.bekk og því mun árgangurinn skiptast í 4 bekki á næsta skólaári.

6. Skólastarf í ljósi covid

Fórum í gegnum strembið tímabil, í vor, þar sem var mjög skert skólahald en gekk vel. Fljótlega á nýju skólaári fórum við í skerta stundatöflu.

Staðan í dag og fram að jólafríi:

1.-4. bekkur fær fulla kennslu en vantar þó upp á íþróttir. 5.-10. bekkur eru með 5 kennslustundir á dag en fá ekki hádegismat. Nýlega bættist við einn íþróttatími á viku.

List og verkgreinum eru kenndar í rúllum þar sem heill árgangur blandast saman og þess vegna hefur skólinn ekki komið þeim inn. Rúllurnar eru kenndar í 5-6 hópum eftir stærð árganga.

Skólastjórnendur eru komnir með varaplan þar sem búið er að setja list og verkagreinar inn í stundatöflu en ekki hefur tekist að koma því í gang. Skólinn getur því miður ekki opnað mötuneytið fyrir allan skólann.

Það er enn grímuskylda í unglिंगadeildinni. Það reynist mörgum erfitt að halda grímunni í öllum tímum.

Spurning kom um hvort nemendur sem fá matarstyrk fái mat í hádeginu. Lísa vissi ekki um neinn sem er að fá greiddan matarstyrk.

Reglugerð um takmarkanir á skólastarfi er óbreytt til 9. desember en skólinn verður með sama sniði fram að jólafríi.

Fulltrúi nemenda kom með athugasemd varðandi íþróttir. Nemendur fara í íþróttir, grímulaus og snerta allt og spyr því hvers vegna sé ekki hægt að kenna list- og verkgreinar. Lísa svaraði, að það væri búið að opna fyrir íþróttir þar sem hver bekkur má vera saman en í list- og verk þá er skipt þvert á árganginn. Það má ekki blanda árgangi. Umræður um þetta og komu fram nokkrar tillögur m.a. sú að það þyrfti að fræða unglिंगadeildina betur um grímuskylduna og hvers vegna ekki væri hægt að hefja list- og verkgreinar.

Fulltrúar nemenda finnst þetta ganga ágætlega /fínt en nefndu að það væri mikil áskorun fyrir nemendur að vera með grímur og af því að skólinn væri lengri en fjórir tímar þá þyrftu nemendur að skipta um grímu.

Lísa kom inn á mikilvægi loftræstingar eins og fram kemur á covid.is.

7. Önnur mál
Enginn önnur mál.

Fundi slitið 17: 33
Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir